

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (hækkun greiðslna og lenging).

Frá meiri hluta velferðarnefndar (SII, JRG, KLM, ÞBack, GStein).

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „fjóra“ og „fjórum“ í a-lið komi: fimm; og: tveimur.
 - b. Í stað orðanna „18 mánaða aldri, sbr. þó 1. mgr. 17. gr.“ í b-lið komi: 24 mánaða aldri.
 - c. Á eftir c-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hið sama gildir um einhleypa móður sem hefur gengist undir tækni-frjóvgun eða einhleyppt foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.
 - d. Í stað orðanna „18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið, sbr. þó 1. mgr. 17. gr.“ í d-lið komi: 24 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið.
 - e. Í stað tölunnar „18“ í e-lið komi: 24.
2. Á eftir b-lið 2. gr. komi tveir nýir stafliðir, c- og d-liður, svohljóðandi:
 - c. Á eftir orðunum „greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.
 - d. Á eftir 6. másl. 2. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Þegar greiðslur skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa koma til á viðmiðunartímabili skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

 - a. 1. mgr. orðast svo:

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um allt að sjö mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns eða alvarlega fötlun sem krefst nánari umönnunar foreldris. Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi með vottorði sérfræðilæknis. Vinnumálastofnun skal meta hvort lenging fæðingarorlofs sé nauðsynleg og er stofnuninni heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum sérfræðilækni við matið.
 - b. 2. mgr. fellur brott.
4. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðsins „fjóra“ í a-lið komi: fimm.
 - b. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „18 mánaða aldri“ í 1. mgr. kemur: 24 mánaða aldri.
 - c. Á eftir c-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hið sama gildir um einhleypa móður sem hefur gengist undir tækni-frjóvgun eða einhleyppt foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.

- d. Við bætist nýr staflíður, svohljóðandi: Í stað orðanna „18 mánuðum“ í lokamálslið 6. mgr. kemur: 24 mánuðum.
5. Við 5. gr.
- A-liður orðist svo: Í stað orðsins „þrjá“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: fimm, og í stað orðsins „þrjá“ í 3. másl. sömu málsgreinar kemur: tvo.
 - B-liður orðist svo: Í stað tölunnar „18“ í lokamálslið 1. og 6. mgr. kemur: 24.
 - Á eftir c-lið komi nýr staflíður, svohljóðandi: Við 2. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Hið sama gildir um einhleypa móður sem hefur gengist undir tækni-frjóvgun eða einhleyp foreldri sem hefur ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur.
6. 4. efnismásl. 6. gr. falli brott.
7. 7. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 8. gr. skal sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarorlofs vera þrjú mánuðir og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs vera þrjú mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2013. Sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarorlofs skal vera þrjú og hálfur mánuður og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs vera þrjú mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2014. Sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarorlofs skal vera fjórir mánuðir og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs vera þrjú mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2015. Réttur foreldra skv. 4. mgr. 8. gr. til fæðingarorlofs skal vera tíu mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2014 og ellefu mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2015.

Þrátt fyrir 18. og 19. gr. skal sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarstyrks vera þrjú mánuðir og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarstyrks vera þrjú mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2013. Sjálfstæður réttur foreldris til fæðingarstyrks skal vera þrjú og hálfur mánuður og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarstyrks vera þrjú mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2014. Sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarstyrks skal vera fjórir mánuðir og sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarstyrks vera þrjú mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2015. Réttur foreldra skv. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. til greiðslu fæðingarstyrks skal vera tíu mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2014 og ellefu mánuðir vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2015.